

óumbreytanleg. Þessi tvö eðli eru hugsun, meðvitund og stærð í rúmi. Hvort þessara eðla er einkent með óteljandi háttum, er gera þau skynjanleg. Hinn skynjanlegi heimur vor er mynd- aður af ótolulegum grúa slíkra hátta, en um hinn innri virkileika getum vér ekkert annað sagt en að hann á sér stað. Það er fliðtséð hvert er aðalatriðið í kenningu þessari. Hún er ekki bygd á reynslu og styðst ekki við hinn skynjanlega virkileika. Insta eðli tilverunnar er óskynjanlegt, vér getum aldrei vitað hvað það er. Það eina sem vér vitum nokkuð um er yfirborðið, það, sem sýnist en í raun og veru er ekki. Ef vér nú spryrjum hvers vegna Spinoza hlaupi svona yfir alt hið þekkjanlega og byrji á því að gera ráð fyrir virkileika, sem er í raun og veru ó- þekkjanlegur, þá verður svarið, vegna þess að hann leitaðist fyrst og fremst við að byggja upp skoðanakerfi, sem væri hár- rétt og laust við allar misfellur frá rökfræðislegu sjónarmiði. En til þess að geta það varð hann að leggja annað til grundvallar fyrir hugmyndum sínum en reynsluþekkingu manna á heiminum.

Hegel, einn hinn frægasti heimspekingur Þýzkalands, bygði sína heimspeki á þeirri meginreynslu, eð hver hlutur ætti sína andstæðu, og að bæði hluturinn og andstæðan rynnu saman og mynduðu samstæðu. Hver einstakur hlutur er til vegna þess að aðrir hlutir honum ólíkir eru til. Það, að allir hlutir eru ekki eins gefur hverjum einstökum hlut sína einstaklings til- veru. En enginn hlutur getur átt sér stað einungis vegna þess að hann er sérstakur og ólíkur öllum öðrum hlutum. Paraf- leiðandi verður hann að standa í þannig löguðu sambandi við einhvern annan hlut, að hann með honum myndi einhverskonar heild. Sú heild hefir einnig sína andstæðu, sem með henni mynda nýja samstæðu. Og svo hver af annari unz allar hverfa í eina alfullkomna alheimsheild. Hegel var svo sannfærður um að þetta væri hið eina mögulega ásigkomulag allrar tilverunnar, að hann þýddi viðburði sögunnar samkvæmt þessari reglu. allir geta víst séð, að það er ekkert náttúrlegt við þessa lýsingu Hegels á tilverunni. Rökfræðislega er hún rétt, en þegar til þess kemur að gera hana að algildri reglu fyrir eðli og ásig-